

## Skipulags- og byggingarráð - 649 (15.5.2018) - Hundagerði, erindi

- Málsnúmer** : 1609447
- Málsaðili** : Dýraverndunarfélag Hafnirðinga
- Niðurstaða (stutt)** : Í grenndarkynningu
- Fundardagur** : 15.05.2018
- 
- Inngangur** : Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 4. apríl sl. var gerð eftirfarandi bókun: Tekin fyrir að nýju bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.2 s.l. þar sem ítrekuð er beiðni frá 31.5. 2017 um umsögn skipulags- og byggingarráðs á tillögu um staðsetningu hundagerðis á Víðistaðatúni skv. skissu Landslags ehf. Lögð fram umbeðin umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu dags. 19. mars 2018. Skipulags- og byggingarráð tekur undir framlagða umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu og beinir því til umhverfis- og skipulagsþjónustu að finna gerðinu annan stað en á Víðistaðatúni. Lögð fram ný tillaga að hundagerði á Óla Run túni.
- Niðurstaða** : Skipulags- og byggingarráð samþykkir að grenndarkynna 2 tillögur um hundagerði skv. framlagðri tillögu.